

# **Breytingar á mati skuldbindinga og fleira sem hefur áhrif á stöðu lífeyrissjóða**

**Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur**

**Ágúst 2013**

## Jafnvægisstærð lífeyrisjóðskerfis

Flókið samspil iðgjalda, vaxta réttindakerfis og lýðfræðilegra þátta ræður stærð sjóðs sem safnast upp í lífeyriskerfi með fullri sjóðssöfnun. Þá má mæla stærð sjóðsins með ýmsum mælikvörðum, í fjárhæðum, eða sem hlutfall annarra stærða svo sem launa.

Þegar horft er á lífeyriskerfi sem ætlað er að nái til heillar þjóðar hefur stærð þjóðarinnar áhrif á stærð þeirra sjóða sem safnast upp. Ef breytingar verða á aldurssamsetningu og þar með hlutfalli milli þeirra sem eru á vinnumarkaði og þeirra sem njóta greiðslna frá kerfinu hefur það áhrif á stærð sjóðsins bæði í fjárhæðum og sem hlutfall að launum eða landsframleiðslu.

Til þess að kanna áhrif af sjálfri gerð lífeyriskerfisins verður hér til einföldunar gert ráð fyrir að þjóðin sé í jafnvægi í þeim skilningi að fæddir á hverju ári eru jafn margir og þeir sem deyja og að ekki verði breytingar á lífs- eða örorkulíkum þann tíma sem til skoðunar er. Ef gert er ráð fyrir að brugðist verði við lengingu meðalævi með hækkun eftirlaunaaldurs er áhrifum breytingar á meðalævi á stærð söfnunarsjóðs að mestu eytt.

Stærð lífeyriskerfisins verður reiknuð þegar jafnvægi er náð sem verður þegar allir rétthafar úr fyrsta árgangi sem kerfið hefur náð til eru fallnir frá.

### Forsendur útreikninga

Gert er ráð fyrir lífeyriskerfi með það sem nú er algengt réttindakerfi íslenskra lífeyrissjóða; ævilangan ellilífeyri frá 67 ára aldri, framreikning örorku- og makalífeyrisréttinda til 65 ára aldurs og makalífeyri sem er helmingur af áunnum ellilífeyri eða framreikningi til 65 ára aldurs. Gert er ráð fyrir að makalífeyrir greiðist að lágmarki í þrjú ár að fullu og síðan hálfur í tvö ár og hafi makinn barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á sínu framfæri, skal fullur makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir. Barnalífeyrir er samkvæmt lágmarksákvæðum laga 129/1997.

Reiknað er með íslenskum lífslíkum árána 2007-2011 og meðalörorkulíkum íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002 sem eru staðalforsendur við tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða árið 2013. Miðað er við að í hverjum árgangi sé í upphafi jöfn skipting milli karla og kvenna.

Miðað er við að rekstrarkostnaður sé 2% af iðgjöldum og 1% af greiddum lífeyri og að lífeyrir og iðgjöld greiðist í upphafi árs.

Gert er ráð fyrir að 3,5% ávöxtun náist á hverju ári umfram hækkun verðlags og útreikningar gerðir á föstu verðlagi.

Með þessum forsendum fæst réttindatafla þar sem meðalréttindaöflun fyrir árin 25 ára til og með 64 ára er að fyrir hverja kr. iðgjalds 0,1216 kr, sem fyrir jöfn laun þennan tíma svarar til 58% lífeyrisréttar fyrir 12% iðgjald.

Einfaldast er að bera stærð söfnunar saman við iðgjaldagrundvöll sem í kerfi sem nær til allra landsmanna ætti að vera allar launatekjur.

Útreikningar er allir miðaðir við að kerfið byrji með tilteknum árgangi og ekki litið til fyrri árganga. Gert hefur verið forrit sem reiknar réttindaöflun og greiðslur vegna hveftrar tegundar lífeyris fyrir sig, aðgreint eftir kynjum, og reiknar stærð sjóðsins, fjölda einstaklinga á hverjum aldri, meðal áunnin réttindi og aðrar stærðir tengjast sjóðsöfnunarkerfi.

### **Jafnar tekjur – full atvinnuþátttaka**

Fyrst er reiknað miðað við að greiðslur til kerfisins hefjist við 16 ára aldur og tekjur séu jafnar alla starfsævi. Gert er ráð fyrir fullri atvinnuþátttöku þeirra sem ekki eru öryrkjar.

Sjóðsöfnun nær ekki hámarki fyrr en við brotthvarf þess árgangs sem fyrstur greiðir til kerfisins. Iðgjöld og örorkugreiðslur ná jafnvægi á 66. aldursári þess árgangs, barnalífeyrir á því ári sem síðast er gert ráð fyrir að greitt sé til barna fyrsta árgangsins og elli – og makalífeyrir ekki fyrr en síðast er greitt til einstaklinga og maka þess árgangs, eða allt að 90 árum eftir að kerfið er sett á stofn. Þótt hér sé litið á kerfi sem ekki tekur til eldri árganga myndi sama eiga við um auknar iðgjaldagreiðslur sem næðu til allra árganga frá ákveðnum tíma; áhrif breytingarinnar á stærð kerfisins yrðu ekki að fullu komnar fram fyrr en á lokaári greiðslna lífeyris til þeirra sem voru að hefja atvinnuþátttöku á því ári sem breytingin er gerð, að öðrum forsendum óbreyttum.

Stærð sjóðsins þegar jafnvægi yrði náð reiknast hér rúmlega 10,4 föld árslaun allra starfandi ef miðað er við 15,5% iðgjöld.

### **Laun breytileg eftir aldri, vinnuhlutfall breytilegt, raunlaunahækkningar**

Laun og atvinnuþátttaka eru í raun breytileg eftir aldri og verður litið til upplýsinga frá Hagstofu Íslands varðandi atvinnuþátttöku og meðallaun eftir aldri.

Um atvinnuþátttöku er litið til meðaltals áráanna 2003-2005 um fjölda starfandi samkvæmt staðgreiðsluskram sem hlutfall af mannfjölda. Gildi fyrir hvert aldursár eru fengin með brúun. Hlutfall starfandi af þeim sem ekki eru öryrkjar er svo fengið með að leiðrétta fyrir reiknuðu hlutfalli öryrkja af heildarmannfjölda. Starfshlutfall kann að vera eitthvað ofmetið með þessu þar eð búast má við að einhver hluti öryrkja greiði staðgreiðslu af atvinnutekjum og hefur verið gert ráð fyrir að hlutfall starfandi af vinnufærum fari ekki yfir 99%. Meðal lengd starfstíma á aldursbilinu 16 til 66 ára er samkvæmt þessu um 44,7 ár hjá körlum og 43,5 ár hjá konum fyrir þá sem ekki verða öryrkjar.

Um dreifingu meðaltekna eftir aldri á hverjum tíma er miðað við meðaltal áránn 2003-2005 sem gefin er upp hjá Hagstofu Íslands á fimm ára bilum. Árleg gildi eru síðan fundin með brúun og reiknað aðskilið fyrir konur og karla. Gert er ráð fyrir að hæsta gildi meðallauna sé hið sama hjá konum og körlum.

Loks hefur svo verið reiknað miðað við mismunandi forsendur um árlega raunhækkun launa, 0,5%, 1% og 1,5%.

### Niðurstöður útreikninga 15,5% iðgjald

Árleg raunlaunahækkun	Sjóður sem hlutfall launa
0	8,593
0,50%	7,606
1%	6,778
1,50%	6,077

Gagnlegt getur verið að bera jafnvægisstærð kerfisins saman við verga landsframleiðslu. Þeir útreikningar sem hér hafa verið gerðir miðast ekki við þá stærð en nálgast má slíkan samanburð með því að líta á hlutfall launagrundvallar af vergri landsframleiðslu síðustu ár.

Launagrundvöllur sem greitt var af til lífeyrissjóða er hér fundinn með upplýsingum úr skýrslum Fjármálaeftirlitsins um starfsemi lífeyrissjóða árin 2010 og 2011 og tölur um verga landsframleiðslu sömu ára fengin af vef Hagstofu Íslands.

	Iðgjaldagrunnur	VLF	Hlutfall
2010	673,759	1.535,880	0,44
2011	726,393	1.631,969	0,45

Ef miðað er við að laungrunnur sé 45% af VLF fæst þá um jafnvægisstærð sjóðsöfnunar með 15,5 iðgjaldi :

Árleg raunlaunahækkun	Sjóður sem hlutfall VLF
0	3,87
0,50%	3,42
<b>1,00%</b>	<b>3,05<sup>1</sup></b>
1,50%	2,73

Framlag til viðbótarsparnaðar nam á árinu 2011 rétt tæpum 4% af launagrundvelli eða sem svarar rúmum 25% af því iðgjaldi sem gert er ráð fyrir til samtryggingar. Með hlutfallslegri hækkun fengist því að kerfið allt gæti í jafnvægi numið um 3,4 faldri til 4,8 faldri VLF. Sjóðssöfnun séreignarsjóða kann þó að verða eitthvað lægri en í samtryggingarsjóðum þar sem greiðslur dreifast væntanlega á styttri tíma.

Ljóst er að sjóður af þeirri stærð sem hér kemur fram myndi illa rúmast innan íslenska hagkerfisins. Talið er að jafnvægisstærð fjármunastofns hagkerfisins sé af stærðargráðunni 3 x VLF.<sup>2</sup>

Bæði af þeim orsökum og einnig til þess að ná æskilegri áhættudreifingu myndi sjóðsmyndunin kalla á að verulegur hluti hans yrði fjárfestur erlendis sem aftur kallar á verulegan jákvæðan viðskiptajöfnuð svo að því marki verði náð.

<sup>1</sup> Hér má geta þess að í grein „Lífeyrissjóðir – framtíðarhorfur og óvissuþættir“ eftir Guðmund Guðmundsson og Kristíönu Baldursdóttur sem birtist í Peningamállum Seðlabanka Íslands hefti 2005-4 er m.a. reiknuð jafnvægisstærð lífeyrissjóðakerfisins miðað við mismunandi forsendur um vexti, launahækkunir og fleira. Þar er gert ráð fyrir 12% iðgjaldi til samtryggingar og 4% iðgjaldi til séreignarsparnaðar. Með forsendu um 1% raunlaunahækkun er niðurstaða höfunda að 2025 verði sjóðssöfnun orðin 2.897 milljarðar á verðlagi 2004. Árið 2004 var VLF 930 milljarðar. Þegar gert er ráð fyrir 1% raunvexti VLF fæst að þarna er gert ráð fyrir að sjóðssöfnun verði 2025 orðin 2,5 föld landsframleiðsla og ljóst er að sjóðirnir mun ekki hafa náð jafnvægi á þeim tíma.

<sup>2</sup> Glærusýning Lúðvíks Elíassonar, Seðlabanka Íslands, sem flutt var á ráðstefnu Háskólans í Reykjavík 18.apríl 2013, aðgengileg á vef Landssamtaka lífeyrissjóða, ll.is.

## Verðtrygging lífeyris í almennum lífeyrissjóðum og áhrif þess á tryggingafræðilega stöðu

Íslenskir lífeyrissjóðir aðrir en þeir sem njóta bakabyrgðar launagreiðenda breyta áunnum lífeyrisrétti í samtryggingu mánaðarlega eftir breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Í lögum nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða segir í 14. gr. um ellilífeyrisréttindi:

„Ellilífeyrir skal borgaður út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Mánaðarlegur lífeyrir skal verðtryggður og breytast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs.“

Velta má fyrir sér hvort hér sé um að ræða skyldu til verðtryggingar eingöngu eftir að greiðslur lífeyris hefjast eða hvort ákvæðið taki einnig til áunnins lífeyrisréttar.

Í reynd er það hins vegar svo að verðtryggingin er skilyrt af tryggingafræðilegri stöðu sjóðins. Ákvæði 39. greinar laga nr. 129/1997 skylda lífeyrissjóði til að grípa til aðgerða til að jafna stöðu þeirra ef að mat skuldbindinga fer verulega yfir eignir. Þar sem iðgjald er jafnan bundið í kjarasamningi er oftast sú ein leið fær til þess jafna halla á stöðu lífeyrissjóðs að skerða lífeyrisréttindi og sjaldnast er mögulegt eða í samræmi við jafnræðissjónarmið að slík skerðing taki ekki einnig til áunnins réttar.

Í fjármálahruninu 2008 og eftirköstum þess kom þessi skilyrðing verðtryggingar glöggt í ljós. Verðlag og þar með lífeyrisréttur hækkaði verulega á meðan að raunávöxtun sjóðanna var almennt neikvæð og langt undir því viðmið 3,5% raunávöxtunar sem réttindakerfi er miðað við.

Því fengu lífeyrisþegar fyrst verulegar hækkun lífeyrisgreiðslna á meðan laun almennt stóðu í stað eða lækkuðu og atvinnuleysi jókst. Þegar misvægi eigna og skuldbindinga kom svo í ljós fylgdi óhjákvæmilega veruleg lækkun lífeyrisréttar.

Ár	Verðlag	Laun	Raunávöxtun
2007	5,2%	8,6%	0,5%
2008	15,1%	8,3%	-22,0%
2009	9,7%	3,6%	0,3%
2010	3,3%	4,5%	2,7%
2011	5,3%	9,2%	2,5%

(Heimild: Hagstofa Íslands og Landssamtök lífeyrissjóða)

Hugsa má sér að í stað skyldu til verðtryggingar og svo aftur skyldu til skerðingar kæmi markmið um að stefnt yrði að verðtryggingu réttinda og að ákvörðun um breytingu lífeyrisréttinda yrði tekin árlega í samræmi við stöðu lífeyrissjóðsins. Með því yrði komið í veg fyrir sveiflur í lífeyrisgreiðslum á borð við þá sem sást 2008-2010. Árleg breyting réttinda í stað mánaðarlegrar er líkari því sem gerist á vinnumarkaði og einnig er hjá Tryggingastofnun ríkisins (TR) og gæti einnig dregið úr kröfum TR um endurgreiðslur vegna hærri greiðslna frá lífeyrissjóði en ætlað var.

Áhrif slíkrar breytingar á tryggingafræðilega stöðu sjóða þegar litið er til framtíðar yrðu óveruleg. Ef

gert er ráð fyrir verðbólguþá um 2,5% á ári, þá myndi meðallækkun greiðslna yfir árið verða rúmt 1%, og það væri sú lækkun skuldbindinga sem koma myndi fram í tryggingafræðilegri stöðu. Ef staða sjóðsins leyfði mætti svo auka lífeyrisréttindi sem þeirri lækkun næmi, þannig að áhrifin af slíkri samþykktabreytingu á mat á tryggingafræðilegri stöðu ættu að vera óveruleg.

Með slíkri breytingu fengist einnig aukið gagnsæi um réttindi sjóðfélaga sem eru í reynd ófrávíkjanlega bundin ávöxtun þeirra iðgjalda sem til sjóðsins eru greidd.